

**ÞJÓÐVILJINN****Mál gagn sósíalísma, verkalyðs-hreyfingar og þjóðfrelsis**Útgefandi: Útgáfufélag Þjóðviljans.  
Frankvæmdastjóri: Guðrún Guðmundsdóttir.  
Ritstjórnar: Árni Bergmann, Einar Karl Haraldsson.Umsjónarmaður Sunnudagsblaðs: Guðjón Friðriksson.  
Skrifstofustjóri: Jóhannes Harðarson.  
Auglýsingastjóri: Ólafur P. Jónsson.  
Afgreiðslustjóri: Baldur Jónsson.  
Afgreiðsla: Bára Sigurðardóttir, Kristín Pétursdóttir.  
Bláðmenn: Auður Styrkarsdóttir, Altheiður Ingadóttir Lúðvík Geirsson, Magnús H. Gíslason, Ólafur Gíslason, Óskar Guðmundsson, Sigurður Sigurðsson, Valþór Hlößversson.  
Íþróttafélagaritari: Viðir Sigurðsson.  
Útlit og hönnun: Haukur Már Haraldsson, Próstur Haraldsson.  
Ljósmyndir: Atli Arason, Einar Karlsson.  
Handrita- og prófarklestur: Andrea Jónsdóttir, Elías Már.  
Auglýsingar: Sigríður Þorsteinsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir.Skrifstofa: Guðrún Guðvarðardóttir.  
Símaxala: Sigríður Knútsdóttir.  
Húsmóðir: Berglót Guðjónsdóttir.  
Bílstjóri: Ólafur Sigurðardóttir.  
Innheimtum.: Brynjólfur Vilhjálmsson.  
Þökkun: Anney B. Sveinsdóttir, Halla Pálsdóttir, Karen Jónsdóttir.Útkeyrsla, afgreiðsla og auglýsingar:  
Síðumúla 6, Reykjavík, sími 81333.  
Umbrot og setning: Prent.  
Prentun: Bláaprent hf.**ritstjórnargrein****Ormur á gulli**

Reikningsskil Seðlabanka Íslands hafa verið til ýtarlegrar skoðunar í Þjóðviljanum undanfarna daga. Hefur blaðið birt fréttir og fréttaskýringar þar sem ljósi hefur verið varpað á þau vinnubrögð sem um árábil hafa tíðkast í þessari æstu peningastofnun þjóðarinnar.

Allar tilraunir stjórnámalanna til að skyggast inn fyrir hin helgu vé í peningamusterinu hafa farið út um þúfur. Með skollaleik í bókhaldi og undanbrögðum hefur tekist að koma í veg fyrir að fulltrúar þjóðarinnar sem sitja á Alþingi fái tækifæri til að hafa eftirlit með fjárreiðum bankans.

Nú liggur frammi frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands. Þar er gert ráð fyrir því að eftirlit með reikningsskilum bankans verði stórauikið. Hvers vegna skyldu þeir ágætu menn sem sömdu þetta frumvarp sjá ástæðu til að auka eftirlitið? Vegna þess að þeir telja að því hafi verið ábótavant.

Seðlabankinn hefur á liðnum árum komið sér upp fasteignum um alla borg sem að verðmæti nema hundruðum miljóna króna. Hann þarf ekki að greiða eina einustu krónu í eignaskatta. Mikill tekjuafgangur hefur verið á síðustu árum. Bankinn þarf ekki heldur að greiða eina einustu krónu í tekjuskatt. Honum leyfist að gjaldfæra allar sínar fjárfestingar sem hvern annan reksturskostnað. Má nefna sem dæmi að lagður er að jöfnu kostnaður við að kaupa vélritunarpappír og kostnaður við að byggja stærstu skrifstofuhöll landsins upp á rúmlega 100 miljónir króna. Á næstu árum mun bankinn verja hundruðum miljóna til viðbótar í musterið við Arnarhól og ekkert bendir til þess að bankanum verði skylt að færa það upp til eignar.

Í fyrrgreindu frumvarpi um Seðlabanka Íslands er nýtt ákvæði sem skyldar bankann að greiða 50% af hagnaði sínum til ríkissjóðs. Ljóðurinn á þessu frumvarpi er hins vegar sá að bankanum er eftir sem áður í löfa lagið að færa til gjalda ýmsa liði sem gera það að verkum að hagnaður í bókhaldi verður enginn.

Lúðvík Jónsson formaður bankaráðs Landsbanka Íslands á sæti í bankamálanefnd þeirri sem samdi hið nýja frumvarp um Seðlabankann. Hann segir m.a. í séráliti sínu, að rétt sé að taka upp reglur um skattgreiðslur bankans en í frumvarpinu sé ekki komið í veg fyrir að bankinn geti skotið verulegum hluta tekna sinna undan skattlagningu.

Almenningur á Íslandi hefur á síðustu mánuðum mátt þola harkalegri og ósvífari kjaraskerðingu af hálfu ríkisstjórnarinnar en dæmi eru til um í allri sögunni. Þriðja hver króna sem launafólk vinnur sér inn hefur verið tekin burt úr launaumslaginu og færð atvinnurekendum á silfurbakka. Hvert fyrirtæki á fætur öðru er að halda aðalfundi sína þessa dagana og alls staðar blasir við miljónagróði á síðasta ári.

Ljóst er að Seðlabanki Íslands er gróðastofnun. Í nágrannalöndum okkar eru lög um seðlabanka allt öðru vísi en hér. Þar er slíkum stofnunum gert skylt að skila öllum sínum hagnaði til samneyslunnar í landinu og tryggilega er komið í veg fyrir að fámenn klíka geti ráðstafað fjármagninu að eigin geðþotta. En á sama tíma sem misvitir stjórnámalmenn á Íslandi eru að sökkva þjóðinni á kaf í skuldafen erlendrar lánadrottinna dirfast þeir ekki að snerta það gull sem glóir í fjárhirslum Seðlabanka Íslands.

Skaftfellska rósín og hestgjardamynstur í þrjónagaldri

**Einu sinni ætlaði ég að temja hest**

Hafflöturinn var næstum eins og spegill þegar við komum á Eskifjörð, rofinn af einstaka vindsveip sem stökk galsafenginn ofanúr fjalli og orðinn leiður á að bíða eftir vori. Niðrá bryggju var líka krakkaskari, þau voru ábyggilega komin með vor í kroppinn og gerðu góðlátlegt grin að fólk úr öðrum plássum sem ekki þekkti til vegar í þessum nafla heimsins.

Um síðir og með hjálp góðviljaðra fundum við þó Tryggva Eiríksson, vítt kunnan fyrir haggleik sinn í meðferð þrjóna. Tryggvi býr núna á dvalarheimili fyrir aldraða, búinn að vera þar síðan 1981, „þá brann hjá mér og ég bara heimaði að komast á elliheimilið“ sagði Tryggvi okkur og hló við.

**Skaftafellsrósín**

Á veggjum dvalarheimilisins varð okkur starsýnt á þrjónuð listaverk og Tryggvi gekkst við faðerninu. Eitt var af fagurri rós og Tryggvi sagði að það væri Skaftafellsrósín, „þrjótin áttblaða rós sem ég fékk úr bók um Skaftafell.“ Annað þrjónverk var gert um stórbrotið og flókið mynstur sem Tryggvi sagðist hafa tekið úr skaftfellsku slepp og stækkað.

Þriðja verkið sem okkur var sýnt segist Tryggvi eiginlega hafa unnið upp úr mynstri á hestgjörð. „Ég er alltaf að þrjóna, tek í þrjónana eitthvað á hverjum degi. Móðir mín kenndi mér fyrst að þrjóna, en ég lærði aldrei að hekla. Það þótti mér verst, en nú er ég orðinn svo skjálfhentur að það tekur því ekki. En ég hef þrjónað mikið um ævina, plögg, sokka og peysur.“

**Sveitarflutningur**

„Ég er nú fæddur hér á Eskifirði fyrir 82 árum. Svo var ég mörg ár á Héraði, en þráði alltaf að koma aftur á Eskifjörð. Það gerði ég svo endanlega þegar ég var 62 ára.“

Lífið hefur ekki alltaf verið dans á rósum, að sögn Tryggva. „Pabbi veiktist illa meðan ég var strákur og þá bjuggum við enn hér á Eskifirði. Hann var veikur í heilt sumar og það endaði með því að húskofi sem við áttum var seldur ofan af okkur. Gott fólk skaut þá skjólshúsi yfir okkur en þegar pabbi var lokins að komast á fætur um vorið þá var hann sama sem fluttur sveitarflutningi yfir á Breiðdal. Hann átti nefnilega sveitfesti þar, og gat því ekki tekið af sveit hér. Ég get ekki sagt ég hafi séð hann eftir það fyrr en ég var orðinn full-orðinn. Þá var hann alblindur, blessaður, og kominn í rúmið“.

**Sláttumaður með afbrigðum**

„Ég hef nú verið víða“, segir Tryggvi og slær sér á lær og glottir þegar við spyrjum hvernig störf hann hafi unnið um ævina. „Ég hef verið sjómaður, fjármaður, jarðræktarmaður í Krossanesi, sláttumaður með afbrigðum og svo ætlaði ég einu sinni að temja hest“, og nú skellir Tryggvi uppúr.



Tryggvi Eiríksson: „Ég er engin pólitik og hef hvernig verið í pólitik. Fer bara blátt strik eins og mér sýnist. En þó held ég ég geti sagt að ég er Framsóknarmaður í húð og hárl!“ Ljóm. Ólöf Þ.

**Rætt við Tryggva Eiríksson á Eskifirði sem sótti sjó á íslenskum skinnsokkum**

Tryggvi segist hafa verið á Krossanesi sem er utar með firðinum, í ein sextán ár. „Og þar sló ég mikið. Ég var duglegur að slá, það var sagt það gengi aldrei heyskapur á Krossanesi fyrr en ég kom þar, og ég held bara það hafi verið nokkuð til í því.“

Ég byrjaði þá oft að slá klukkan þrjú á nóttinni, því þá var rekjan svo góð. Ég réði því alveg sjálfur hvenær ég fór að slá, var nánast sjálfs míns herra. Það þurfti aldrei að segja mér fyrir verkum.“

**Hundrað skippund**

„Ég reri í mörg ár frá Krossanesi. Þá var tvíþýli og róid í félagi. Þetta var árabátur og við vorum þrír eða fjórir á. Fiskir? Já það var alltaf nógur fiskur. En gáðu að því væni minn að þá var ekkert nema færi og línustubbar. Svo það var ekki hægt að ná í nein ósköp þó fiskur væri við. Það var misjafnt sem við fengum yfir vertíðina, einu sinni vorum við þó með hundrað skippund og það var mikill afli.“

Launin voru ekki há. Ég var með fimmhundruð krónur yfir árið og frían sjógalla. En stígvélin þurfti ég að kaupa sjálfur. Annars skal ég segja þér að seinni árin gekk ég mest á íslenskum skinnsokkum sem móðir mín gerði fyrir mig, en þjórnin lagði ég til sjálfur.“

Tryggvi sagði að á langri ævi hefði margt skemmtilegt drifið á dagana og eiginlega ekki mikið sem hann sei eftir. Hann sagðist þó aldrei hafa kvongast og bætti við, „ég hef raunar aldrei verið við kvenmann kenndur.“ Þegar við

spurðum hvort honum þætti það miður varð hann hugsi og sagðist svo halda hann hefði nú viljað eiga konu, „en það er ekki allt eins og maður hefði viljað“.

**Augu þvegin vígðu vatni**

Tryggvi hafði augnýlega mikinn áhuga á dulrænum fyrirberum og var fjölfróður um þau. Hann sagði okkur að í sinni ætt hefðu ýmsir séð það sem ekki bæri fyrir allra augu, og jafnvel dreymt fyrir atburðum. „Ég skal segja þér að þegar ég var á Krossanesi þá var faðir minn orðinn rúmfastur og veikur. Þá er það einn dag að ég var á leið ofaní fjárhúsin að hreinsa undan grindum, þegar þessu er hvíslað að mér: „Farðu og vektu hann pabba þinn“. Þegar ég fer heim og athuga pabba, þá er hann dáinn. Þetta er stórmerkilegt.“

Ég vissi líka fyrirfram um slysið á Krossanesi, þegar húsbóndinn fórst á sjó. Fyrir því var mig búid að dreyma. Móðurafi minn var líka skyggn. Hann var hræddur við þetta sem barn, þá var fenginn prestur og augun þvegin uppúr vígðu vatni. Eftir það varð hann svo dulur að hann sagði ekkert um þetta. Það var sagt að vígða vatnið hefði tekið fyrir skyggina. En heldurðu ekki hann hafi verið jafn skyggn eftir sem áður? Auðvitað! – Hann bara sagði ekkert frá því.

Svona erum við Íslendingarnir, margir hverjir, dálítið dulrænir. Ég held við séum bara meira og minna skyggnir“.